

**Sþ.**

**32. Tillaga til þingsályktunar**

**[29. mál]**

um bætt skilyrði til viðtöku hljóðvarps- og sjónvarpssendinga.

Flm.: Þorv. Garðar Kristjánsson, Steinþór Gestsson, Friðjón Þórðarson,  
Ólafur G. Einarsson, Eyjólfur K. Jónsson, Halldór Blöndal,  
Pálmi Jónsson, Pétur Blöndal, Pétur Sigurðsson,  
Sigurlaug Bjarnadóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að því í samráði við Ríkisútvarpið, að gerð verði á árinu 1975 sérstök kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um bætt skilyrði til viðtöku innlendra hljóðvarps- og sjónvarpssendinga, þannig að sendingar geti náð sem greiðast til landsmanna, hvort sem er í byggðum landsins eða á fiskimiðum umhverfis Ísland. Í því sambandi skal athuga, hvort ekki sé rétt að ákveða afnotagjöld með tilliti til þess, að föstum hundraðshluta þeirra sé jafnan varið til dreifikerfis hljóðvarps og sjónvarps.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Ríkisútvarpið komi upp endurvarpsstöðvum fyrir þá sveitabæi, sem nú njóta ónothæfra eða engra sjónvarpsskilyrða. Ríkisstjórnin afli sérstaks fjármagns í þessu skyni, og stefnt verði að því að ljúka framkvæmd þessari innan tveggja ára.

### Greinargerð.

Með tillögu þessari er gert ráð fyrir, að unnið verði skipulega og markvisst að því að bæta skilyrði til viðtöku hljóðvarps- og sjónvarpssendinga. Hér er um mikið nauðsynja- og réttlætismál að ræða. Þó að Ríkisútvarpið hafi nú starfað í 44 ár, skortir mikið á, að hljóðvarp heyrir viðunandi viði í strjálbýli landsins. Við slíkt ástand verður ekki unað lengur. Enn fremur bíða nú Ríkisútvarpsins mikil verkefni við að bæta dreifikerfi sjónvarpsins frá því sem nú er.

Hér er lagt til, að á þessum verkefnum verði tekið með því að gera á árinu 1975 sérstaka kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um bætt skilyrði til viðtöku innlendra hljóðvarps- og sjónvarpssendinga, þannig að sendingar geti náð sem greiddast til landsmanna, hvort sem er í byggðum landsins eða á fiskimiðum umhverfis landið.

Með tilliti til mikilvægis og umfangs þessa verkefnis er lagt til, að athugað sé, hvort hægt sé að tryggja betur fjármagn til þessara þarfa en nú er með því að ákveðið verði, að föstum hundradshluta afnotagjalda verði jafnan varið til dreifikerfis hljóðvarps og sjónvarps. Einskis má láta ófreistað í þessu efni, því að það er nauðsyn, að allir landsmenn eigi kost á dagskrárefni því, sem kostað er af Ríkisútvarpinu. Það eitt er réttlæti, að allir geti notið dagskrárefnisins án tillits til búsetu.

Það, sem mest hefur stungið í augu á undanförunum árum varðandi þetta mál, er það ástand, að margir sveitabæir njóta engra eða ónothæfra sjónvarpsskilyrða. Til að bæta úr þessu óviðunandi ástandi þarf að gripa til sérstakra ráðstafana. Tillaga þessi gerir ráð fyrir, að ríkisstjórninni sé falið að afla sérstaks fjármagns til að koma upp endurvarpsstöðvum fyrir þessa sveitabæi og stefnt verði að því, að þessum framkvæmdum geti orðið lokið innan tveggja ára. Á tveim síðustu aðalþingum hefur verið flutt tillaga til þingsályktunar um sjónvarp á sveitabæi, sem var samhljóða 2. mgr. tillögu þeirrar, sem nú er flutt. Þessi tillaga um sjónvarp á sveitabæi hlaut ekki afgreiðslu. Þá fylgdi greinargerð ásamt fylgiskjali svo hljóðandi:

Óþarft er að fara orðum um mikilvægi sjónvarpsins og menningarlegt hlutverk þess í þjóðlífinu. En ekki er víst, að allir geri sér grein fyrir, að svo þýðingarmikið sem sjónvarpið er þéttbýlinu, er þjónustuhlutverk þess hvergi mikilvægara en í strjálbýlinu. Þar sem fásinni og einangrun er mest, hefur sjónvarpið mestu hlutverki að gegna. Af þessu leiðir, að sjónvarpið er eitt hið þýðingarmesta tæki til að stuðla að byggðajafnvægi. Hins vegar hefur það hinar alvarlegustu afleiðingar, ef sum byggðarlög eru afskipt sjónvarpinu. Svo er einmitt ástatt í dag í mesta strjálbýlinu. Þannig hefur tilkoma sjónvarpsins ekki orðið þessum byggðarlögum lyftistöng, en þvert á móti aukið á jafnvægisleysið milli þeirra og þéttbýlisins. Við svo húið má ekki standa.

Þar sem skórinn kreppir nú að í þessum efnum, eru þeir sveitabæir víðs vegar um landið, sem dreifikerfi sjónvarpsins nær ekki til. Samkvæmt yfirliti, sem Landsíminn hefur gert, voru í febrúar s. l. 472 sveitabæir, sem nutu ónothæfra eða engra sjónvarpsskilyrða. Þessum sveitabæjum var raðað saman til að sýna, hverjir þeirra gætu hugsanlega verið saman um endurvarpsstöð. Út frá þessari röðun má gera sér nokkra grein fyrir þeim fjölda endurvarpsstöðva, sem þarf til að koma þessum sveitabæjum í sjónvarpsamband og þar með ljúka sjónvarpsvæðingu landsins. Gerði Landsíminn eftirfarandi töflu um þetta efni:

Fjöldi sveitabæja pr. endurvarpsstöð	Fjöldi stöðva (svæða)	Fjöldi sveitabæja samtals	Eftirstöðvar Fjöldi sveitabæja
16	1	16	456
14	3	42	414
13	1	13	401
11	2	22	379
9	2	18	361
8	4	32	329
7	7	49	280
6	4	24	256
5	7	35	221
4	16	64	157
3	9	27	130
2	35	70	60
1	60	60	0
	<hr/>	<hr/>	
	151	472	

Tafla þessi sýnir niðurstöður af athugunum Landssímans, en samkvæmt henni mun þurfa um 150 endurvarpsstöðvar, til þess að allir sveitabæir í landinu verði í sjónvarpssambandi og þessi þjónusta nái til allra landsmanna. Síðan þetta yfirlit var gert, hafa nokkrir sveitabæir komist í sjónvarpssamband. Samt sem áður má hafa niðurstöður þessarar athugunar til hliðsjónar, þegar metið er, hve umfangsmikið það verkefni er að búa þeim sveitabæjum sjónvarpsaðstöðu, sem nú njóta ónothæfra eða engra sjónvarpsskilyrða. Í þessu sambandi ber og að hafa í huga, að í bréfi til Ríkisútvarpsins hefur Landssíminn látið þess getið um þá áætlun sína, að um 150 endurvarpsstöðvar þurfi, að „að líkindum yrði þessi tala nokkuð hærri í raun, þar eð sumar endurvarpsstöðvarnar mundu verða að staðsetjast þar, sem sjónvarpsmerki eru ekki fyrir hendi, og þyrfti því tengistöð til viðbótar.“

Þegar framangreind athugun Landssímans var gerð, var gert ráð fyrir, að hver endurvarpsstöð mundi kosta að meðaltali um 1 millj. kr., eða heildarkostnaður þessa verks verði um 150 millj. kr. Þó að hér sé um grófa áætlun að ræða og síðan hafi til komið tvær gengislækkunar, gefur þetta samt til kynna umfang þess verkefnis, sem hér er um að ræða.

Þess er enginn kostur, að Ríkisútvarpið geti ráðið við framkvæmd þessa, nema sérstakt fjármagn komi til. Ríkisútvarpinu er ætlað að standa undir stofnkostnaði dreifikerfis sjónvarpsins með tolltekjum af sjónvarpstækjum. Þessar tolltekjur eru áætlaðar fyrir árið 1973 20 millj. kr. Á þessu ári þarf 35—40 millj. kr. í afborganir og vexti af skuldum, sem stofnað hefur verið til vegna dreifikerfis sjónvarpsins og nema nú rúmum 100 millj. kr. Augljóst er, að núverandi tekjustofn kemur ekki að haldi við að sjónvarpsvæða þá sveitabæi, sem enn liggja óbættir hjá garði.

Ekki hefur Ríkisútvarpið aðra sjóði til að grípa til í þessu skyni. Þannig er nú séð fyrir þörfum þessarar menningarstofnunar þjóðarinnar. Er skemmst að minnst meðferðarinnar á Ríkisútvarpinu við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1973. Sú afgreiðsla þýddi um 110 millj. kr. rekstrarhalla Ríkisútvarpsins á þessu ári, ef ekki verður úr bætt, auk þess sem stofnunin situr með um 20 millj. kr. rekstrarhalla frá árinu 1972 og kostnaðarauka af síðustu gengislækkun.

Það er heldur engin leið í þessu efni að ætla Ríkisútvarpinu að taka lán til þeirra framkvæmda, sem hér er um ræðir. Raunar er hér svo háttáð, að engum venjulegum arðsemisjónarmiðum verður komið við. Ef gengið er út frá áætlunum þeim, sem áður greinir, má gera ráð fyrir, að það kosti að minnsta kosti 320 þús. kr. að meðaltali að koma sjónvarpinu á hvern bæ. Tekjur sjónvarpsins af hverjum bæ nema um 10 þús. kr. í tolltekjur af einu sjónvarpstæki, og afnotagjaldið er nú 3 100 kr. Af þessum tekjum verður ekki staðið undir stofnkostnaði við að koma

þeim bæjum í sjónvarpssamband, er ekki njóta þess nú. Af þessum tekjum þarf auk þess að standa undir rekstrarkostnaði endurvarpsstöðvanna, sem til þessa þurfa, og hafa verður í huga, að tæki þessara stöðva verður að afskrifa á 10 árum.

Með skírskotun til framanritaðs er hér lagt til, að sérstaks fjármagns, er verði óafturkræft framlag, verði aflað til að standa undir stofnkostnaði þeirrar framkvæmdar að koma í nothæft sjónvarpssamband innan tveggja ára öllum sveitabæjum, er ekki njóta þess nú. Hér er um að ræða verkefni sérstaks eðlis, sem varðar jafnvægi í byggð landsins.

Ekki mun af veita, þótt aflað sé fjármagns sérstaklega til þessara hluta, þar sem Ríkisútvarpsins biður nú mikið átak við að koma upp örbylgjukerfi fyrir flutning dagskrár til aðalstöðva í sjónvarpskerfinu í stað endurvarpskerfisins, sem nú er. Auk þess má nefna það brýna verkefni við dreifikerfið að bæta sjónvarps-skilyrði á fiskimiðunum umhverfis landið.

Til frekari skýringar er hér fylgiskjal, sem sýnir skiptingu eftir kjördæmum á því verkefni að sjónvarpsvæða þá sveitabæi, er ekki njóta nú stjórnskipulýsingar. Er þetta yfirlit gert af framkvæmdastjóra fjármáladeildar Ríkisútvarpsins.

## Fylgiskjal.

### YFIRLIT

yfir:

- 1) Skiptingu þeirra sveitabæja eftir landshlutum, sem enn hafa ekki skilyrði til sjónvarpsmóttöku.
- 2) Fjölda sjónvarpsstöðva, sem þarf til að koma sjónvarpi til þessara bæja, ásamt upplýsingum um, hversu mörgum hver þeirra þjónar.

	Bæir með ófullnægjandi skilyrði		Tala stöðva, sem hver um sig koma sjónvarpi á													Stöðv. alls	
	Engin	Ónot-hæf	Alls	1 bæ	2 bæi	3 bæi	4 bæi	5 bæi	6 bæi	7 bæi	8 bæi	9 bæi	11 bæi	13 bæi	14 bæi		16 bæi
Reykjanes .....	3	-	3	3	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	3
Vesturland .....	17	22	39	10	7	1	3	-	-	-	-	-	-	-	-	-	21
Vestfirðir .....	27	82	109	17	11	4	3	2	1	2	2	-	-	-	-	-	42
Norðurland vestra .....	19	94	113	11	4	2	3	1	2	2	2	2	1	-	-	-	30
Norðurland eystra .....	14	52	66	3	4	-	4	2	-	-	-	-	1	-	1	-	16
Austfirðir .....	42	73	115	10	7	2	2	-	2	2	1	-	-	1	1	1	29
Suðurland .....	8	17	25	4	2	-	-	2	-	1	-	-	-	-	-	-	9
	130	340	470	58	35	9	16	7	5	7	5	2	2	1	2	1	150